

Fundur 27. janúar 2021 – Stjórn og trúnaðarráð

Dagskrá:

1. Listi uppstillingarnefndar 2021-2022.
Helgi Sv. Jóhannsson kynnti listann og var hann samþykktur samhljóða.
2. Ályktun trúnaðarráðs FVSA varðandi stuðningslán til heimilanna vegna Covid faraldursins. Var ályktunin samþykkt og er eftirfarandi:

Stuðningslán til heimilanna.

Heimilin í landinu hafa setið eftir í aðgerðum stjórnvalda sem eiga að tryggja viðspyrnu í kjölfar Covid faraldursins. Í aðgerðum stjórnvalda hafa heimilin í landinu greitt að stórum hluta fyrir sín úrræði sjálf með því að ganga á séreignarsparnað sinn.

VR og LÍV hafa lagt fram hugmynd að sértækum stuðningi sem tryggir afkomuöryggi til handa þeim heimilum sem hafa orðið fyrir atvinnumissi og tekjufalli vegna Covid.

Hugmyndin felur í sér aðkomu bæði ríkisins og bankanna. Lagt er til að veitt verði stuðningslán til heimila með 100% ríkisábyrgð og afslætti af heildartekjuskatti til að mæta afborgunum af þeim.

Efnahagslegar afleiðingar faraldursins leggjast með misþungum hætti á heimilin í landinu og það er mikilvægt að samfélagið taki höndum saman til að aðstoða þau heimili sem þurfa á því að halda.

Trúnaðarráð Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni skorar á stjórnvöld að hrinda í framkvæmd hugmyndum um stuðningslán til heimilanna.

3. Önnur mál.
Formaður minnti á aðalfundinn 1. mars n.k.

Fyrirspurn kom úr sal hvort að fækkun hefði orðið í félaginu í kjölfar Covid.

Fleira ekki gert og fundi slitið